

Hauk
38

Framburður aurs í Þjórsá og Hvítá

eftir

Hauk Tómasson

Orkudeild raforkumálastjóra
Febrúar 1960

Framburður aurs í Þjórsá og Hvítá

A árunum 1949-’59 hefur eurmagn vatnsins í Þjórsá og Hvítá öllu hverju verið mælt. Er skýrsla um þessar mælingar í riti Sigurjóns Rist og Jakobs Björnssonar "Þjórsá and Hvítá River Systems Southern Iceland". Þó hafa ekki verið tekin mörg sýnishorn á sama stað nema á þremur stöðum, þ.e.a.s. við: Urriðafoss (13 sýnishorn), Búðafoss (22 sýnishorn) og við Gullfoss (27 sýnishorn). Sýnishornin eru tekin á stöðum með mjög miklum straumköstum (turbulens) til þess að fá sem allra mest af framburði árinnar upphrært. Ekki munu þó hafa komið starri korn en 2 mm í þvermál í sýnishornaflöskurnar og býst ég þá við að eitthvað hafi færst með botni, að minnsta kosti sumsstaðar.

Mæling á kornastærð aursins var ekki gerð, en sílikar mælingar eru mjög nauðsynlegar, ef unnt að vera að segja með nokkurri vissu, hvað haldast mundi upphrært og hvað setjast mundi af aurnum í uppistöðulón. Nokkra hugmynd setti einnig að vera unnt að fá um framburð árinnar með botni, ef rannsakað er kornastærð árbotnins og þess svæðis, sem án flæðir yfir í flóum og er þá unnt út frá straumhraða árinnar að reikna út skriðhraða og magn botnframburðarins. Varla yrði þetta nokkurn tíma mjög nákvæmt, tæplega meira en upp á stærðangráðu.

Aurburðarmælingarnar færði ég inn í hnítakerfi (kóordinata) með aurburð á x-ás og rennsli á y-ás. Var það gert til þess að reyna að finna samband milli aurburðar og rennslis. Við Urriðafoss var dreifing punktanna mikil. Skipti ég þar niður mælingunum eftir sumarrennsli, haustrennsli og vetrarrennsli. 4 punkta taldi ég til haustrennslis. Lágu þeir nokkurn veginn á beinni línu og var þá aurburður langmestur. Dró ég þá beina línu fyrir samband aurburðar og rennslis á haustin. Það sama gerði ég fyrir sumarrennsli og vetrarrennsli. Þar er að vísu dreifing frá beinni línu, með en ekki var þó við Urriðafoss hægt að sjá neina tilhneigingu til "eksponential" aukningar aurburðar með auknu rennsli innan þessara árstíða frekar en á haustin.

Fæst á pennan hátt þrjú "linier" sambönd aurburðar og rennslis.

Eykst þá aurburðurinn með auknu rennsli hraðast á haustin; Mun hægar á sumrin, en mjög hægt á veturnar. Samkvæmt meðalkúrvu fyrir alla punktana er samband aurburðar og rennslis "eksponentialfunktion" eins og við var búist.

Við Búðafoss voru niðurstöður nákvæmlega þær sömu og Urriðafoss. Þó er dreifing punkta minni þar. Mestur aurburður var þar við eina mælingu á vori.

Við Gullfoss eru flestar mælingar gerðar við lítið rennsli og líttinn aurburð. Skipti ég því ekki niður mælingunum þar eftir árstíðum, en létt mér nægja að teikna meðalkúrvu, en hún er svipuð og við Búða- og Urriðafoss. Mestur aurburður var hér í flóði einu seinni hluta vetrar.

Hægt er að fá mjög eðlilega skýringu á mismunandi framburði á Anna eftir árstíðum. Frost losa mikil um jarðveginn og er hann því auðgrafnastur, þegar frost eru að fara úr honum. Á haustin eru oft smá frostakaflar og næturfrost, en þess á milli oft miklar rigningar. Er það því mjög eðlilegt, að þa sé mikill aurburður í ám. Á veturna frýs jörðin og helzt frosin í lengri tíma. Einnig frýs láin þá oft og leggst í ísstokk og nær þá ekki undirlagi sýnu nema að litlu leyti. Þá er aurburður mjög lítill. Á vorin, þegar frost fara úr jörðu ætti aurburður að vera mikill í fyrstu flóðum. En síði tími er líklega oft stuttur og er enginn mæling fyrir slikt flóð við Urriðafoss. Aftur á móti er slík mæling bæði við Búðafoss og Gullfoss, þar sem mestur aurburður mældist á vori og seinni hluta vetrar. Á sumrin er aftur á móti yfirleitt mikil vatn í þessum ám, sem fá nokkurn hluta vatns síns frá jöklum. Nær þá farvegurinn smáum saman að aðlaga sig nokkuð þessu mikla vatnsmagni. Auk þess grefst jarðvegur lítið á sumrin, því þá heldur gróður honum hvað fastast.

Eftir hinu árstíðabundna liniera sambands rennslis og aurburðar við Urriðafoss og Búðafoss reyndi ég að áætla árelgan framburð þar af upphrærðu efni. Skipti ég þá árinu í þrennt: 1) haust, sept.- des.; 2) vetur, jan-mai; og 3) sumar, júní-ágúst. Tók ég þá meðalrennslí hvers

mánaðar og fór með það inn á línu sambands aurburðar og rennslisir þeirrar árstíðar og fékk þar framburðinn í kg/s í þeim mánuði.

Niðurstöðan var

	Urriðafoss		Búðafoss	
sept.	400 kg/s	1.000.000 t.	70 kg/s	178.000 t.
okt.	380 "	950.000 "	40 "	104.000 "
nóv.	325 "	850.000 "	25 "	65.000 "
des.	220 "	650.000 "	12 "	30.000 "
jan.	50 "	130.000 "	10 "	26.000 "
febr.	55 "	130.000 "	10 "	26.000 "
marz	50 "	130.000 "	25 "	65.000 "
apr.	60 "	160.000 "	10 "	26.000 "
mai	90 "	230.000 "	75 "	190.000 "
jún.	270 "	700.000 "	145 "	375.000 "
júlí	225 "	590.000 "	130 "	348.000 "
ág.	200 "	<u>500.000 "</u>	75 "	<u>190.000 "</u>
Samtals: 6.020.000 "		Samtals: 1.660.000 "		

Pessi framburður samsvarar 3,7 GL af seti við Urriðafoss og 1 GL við Búðafoss, ef reiknað er með eðlisþyngd setzin 1,6, sem ætti ekki að vera fjarri lagi. Þar eð sambandið er tekið sem liniert milli aurburðar og rennslis innan hverrar árstíðar er þetta stærðfræðilega rétt að farið. En eðlilega má deilda um hvað telja beri til hverrar árstíðar og er það sjálfsagt misjafnt ár frá ári. Pessa skiptingu, sem hér er gerð, byggi ég á niðurstöðum mælinganna, sem allar eru með dagsetningu. Vafasömumst er staðsetning septembers og maí.

Réttari aðferð ætti að vera til reikninga á aurfarmburði að taka aurframburðinn af meðalaurburðarlínu en vatnsmagn af langæislínu rennslis. Með þeirri aðferð fékk ég eftirfarandi niðurstöður:

Urriðafoss			Búðafoss		
rennsli kl/s	% af tíma	framburður	% af tíma	framburður	
> 600	8	2.000.000 t.	7	660.000 t.	
600-500	10	1.550.000 "	9	365.000 "	
500-400	16	1.040.000 "	16	365.000 "	
400-300	19	660.000 "	20	180.000 "	
300-200	27	330.000 "	25	120.000 "	
< 200	20	100.000 "	23	30.000 "	
Samanlagt		5.7 milj.tonna	1,7 milj.tonna		

og samsvarar þetta 3,5 GL og 1,1 GL af seti. Er þetta mjög í samræmi við niðurstöður hinna reikninganna.

Langæislínu fyrir Búðafoss fékk ég með því að færa upp skalann á langæislínu Urriðafoss um 15 m³/s.

Eftirtektarverður er hinn mikli munur á framburði við Búðafoss og Urriðafoss. Þykir mér líklegt, að hér sé um sýndarmun að ræða en ekki raunverulegan. Þessi munur getur alls ekki legið í því að burt grafist rúmir 2 GL á ári af vatnsviði og farvegi Þjórsár á milli fossanna. Samkvæmt frásögnum er án barna nokkurnveginn í jafnvægi, hleður hvorki undir sig, né grefur sig niður. Þess vegna hlýtur framburður við Urriðafoss og Búðafoss að vera nokkurnveginn jafn mikill. Þessi munur gæti hugsanlega stafað af skekkju í mælingunum þ.e.s. að mælingarnar séu ekki nógu margar né teknar nógu samtímis til þess að þær hafi nokkuð "statistiskt" gildi. Ekki hef ég þó trú á, að allur þessi munur stafi af því. Megnið af mælingunum eru teknar á sömu árum á báðum stöðum. Sigurjón Rist telur líklegt, að meiri straumköst séu við Urriðafoss en Búðafoss. Sé svo, getur munurinn legið í því aðallega, að miklu meira er upphrært við Urriðafoss en Búðafoss og hitt fari þá með botni við Búðafoss. Þá settu einnig tölurnar fyrir Urriðafoss að gefa réttari hugmynd um aurburðinn en Búðafoss.

Aurburðurinn við Gullfoss reiknaði ég eftir meðalaurburðarlínu og langæislínu. Niðurstaðan var.

rennsli	% af tíma	framburður
> 300	2	88.000 t.
300-200	9	134.000 "
200-150	14	45.000 "
< 150	75	49.000 "

Samtals 316.000 tonn; eða 0,2 GL per/ár. Hér eru engar aðrar mælingar til í Hvítá og því enginn kontroll.

Aurburðarmælingunum við Urriðafoss og Búðafoss var skipt niður í þrjá flokka: við vaxandi, við minnkandi og við stöðugt rennsli. Var notað til þess daglegar rennslis-mælingar við Urriðafoss. Niður stöður sýna ótvírætt, að miklu meiri aurburður er við vaxandi rennsli en við minnkandi eða stöðugt.

EKKI hefur enn verið rætt um allan framburð ánnan. Eftir er að ræða um það, sem berst með ís, en að öllum líkingum er ómögulegt að gera nokkra áætlun um hversu mikil það er. En í mörgum ám er framburður aðallega með ís. Átla má, að nokkuð samband sé milli framburðar með ís og árbotns þannig að af grófkornóttum árbotn berst mest með ís en varla nokkuð af vatninu sjálfu en af fínkornóttum berst mest með vatninu, en minna með ís.

Árbotn í nokkru jafnvægi er venjulega þakinn malar og steinlagi. Er þetta vegna þess að áin ber burt hin fínkornóttari efni en eftir situr möl og steinar. Kemur að því, að vatnið hættir nokkurnveginn að grafa árbotninn nema með hjálp isa. Fínkornóttur árbotn er aftur á móti ekki í jafnvægi, jafnvel þótt litlar breytingar sé unnt að sjá þar ár frá ári, hlyztur að vera mikil umsetning jarðefna, þótt það sem að berst og burt fer sé nokkurn-veginn jafn mikil.

Ofan við Heiðartanga rennur Þjórsá 14 km leið um mjög flatar eyrar, sem að sögn Sigurjóns Rist eru aðallega úr sandi. Er þá augljóst að þær hlyztur að vera mjög mikil umsetning jarðefna, enda benda mælingarnar við Urriðafoss ótvírætt til þess. Að vísu eru þessar mælingar fáar en þó tel ég, að skekkja geti varla verið meiri en svo að

álykta megi, að framburðurinn skipti giglítum á ári við Urriðafoss. Af þessu á 15-20% sér stað við rennsli undir 400 m³ sek, þ.e.a.s. án þess að um flóð sé að ræða.

Virkjun við Urriðafoss. Almennt má segja, að hvaða truflun sem er á þessu jafnvægi á eyrunum ofan við Urriðafoss hljóti að hafa tölverðar afleiðingar. Nú mun uppistöðulóni við Urriðafoss aðeins vera ætlað að rúma fáa gigalítra, þ.e.a.s. rúmtaks þess yrði af sömu stærðargráðu og árlegur framburður um lónið. Ekki er þó hætta á að það fyllist alveg vegna þess að straumurinn í flóðum, þegar flóðgáttir eru opnar, mun hindra að fyllist lónið þar sem verulegur straumur nær þá til. Þó mun eitthvað fyllast og þrengjast. En uppi á eyrunum mun straumurinn varla verða nógum mikill til þess að grafa aftur það, sem sest hefði milli flóða, nema þá allra fremst. En lengra upp á eyrunum mundi opnum flóðgáttanna ekki gæta neitt.

Halli eyranna er um 1/2000 og er neðri endi þeirra í kvóta 48 m. Telja má víst að hallinn 1/2000 sé sá minnsti, sem mögulegur er á þessum eyrum svo jafnvægi eigi að haldast milli þess, sem að kemur og burt fer. Stífla upp í kvóta 50 m mun verka eins og neðri hluti eyranna sé hækkaður um 2 m. Mun þessi hækkun smáum saman leiða upp eftir, þangað til eyrarnar hafa aftur fengið hallann 1/2000 en þá hafa þær allar hækkað um 2 m.

Mér reiknast svo til, að upp þurfi að fylla ca 28 GL þar til allar eyrarnar hafa hækkað um 2 m. Tíminn, sem það tæki mundi í versta tilfelli vera um áratugur og bezta um hálf öld. En með nánari rannsóknunum setti að vera hægt að segja miklu nákvæmar til um tímann.

RAFORKUMÁLASTJÓRI
Orkudeild
URRIDAFÖSS, AURBURDUR.

29/60 HT/ PJ
TNR. 212
B—277
FNR. 4930

29/60 HT/ PJ
TNR. 212
B—277
FNR. 4930

kl / sek
600
500
400
300
200
100

RENNSLI

S.7

S.4

S.7

V.5

S.4

S.4

M.8

V.2

S.1

V.10

V.11

V.11

haus

sumar

vetur

V=vaxandi
S=stöðugt
M=minnandi
Töiurnar = manudur

600
500
400
300
200
100
AURBURDUR

700 kg/sek

RAFORKUMÁLASTJÓRI
Orkudeild

BÚDARFOSS, AURBURÐUR.

29.1.60 HT / PJ
TNR. 213
B - 277
FNR: 4 9 3 |

Tolurndar = magnudur
M = minnugangi
S = stöðugt
V = vaxandi

Vetur

sumar

haustr

V^o5

M^o11

M^o980

KL/sek

RENNSL

4447

100

200

300

400

500

600

700

800

100

100

200

300

400

500

KG / sek

AURBURÐUR

500

100

400

500

600

700


800

4447

RAFORKUMÁLASTJÓRI
Orkudeild

GULLFOSS, AURBURÐUR

29.1'60 HT / PJ
TNR. 176
B — 274
FNR. 4932



Liniert samband aurburðar og rennslis meðhöndlað statistiskt.

Aðferðir, sem notaðar eru við þessa reikning er lýst í bókinni "Applied Statistics for Engineers" eftir William Volk. Reiknuð er út línan $\hat{Y} = a + bx$, þar sem \hat{y} = útreiknað magn aurburðar við eitthvert ákveðið rennsli; a = stuðull, gefur útreiknað gildi á y við $X = 0$; b = halli línnunnar; X = rennsli árinnar. Byrjaði ég fyrst að reikna út Urriðafoss, en þar eð ég fékk halla línnunnar negativan, var auðsætt að dreifing punktanna væri of mikil og beir of fáir til þessara reikninga. Við Búðafoss sleppti ég einum punkti, þar sem ég hef rökstudda ástæðu til að efast um að allt sé rétt með farið. Og þar eð punkturinn hefur mjög mikil áhrif á útkomur, taldi ég rétt að sleppa honum í reikningum. Eru því 20 punktar teknir til meðferðar við Búðafoss. Punktarnir eru færðir inn á línumritið á eftir. (mynd 1).

$N = 20$ fjöldi punkta.

$\sum x = 8837 \quad \bar{x} = 441,8 \quad x = \text{rennsli}; \bar{x} = \text{meðalrennsli}$
fyrir punkta,
sem ganga inn í
reikningana.

$$\sum y = 3875 \quad \bar{y} = 193,2 \quad y = \text{aurburður}; \bar{y} = \text{meðalaurburður}$$

$$\sum x^2 = 4\ 516\ 551 \quad \sum' x^2 = (x - \bar{x})^2 = \sum x^2 - \bar{x} \sum x = 612\ 364$$

$$\sum y^2 = 1\ 473\ 164 \quad \sum' y^2 = \frac{(y - \bar{y})^2}{\bar{y}} = \sum y^2 - \bar{y} \sum y = 724\ 514$$

$$\sum xy = 2\ 307\ 021 \quad \sum' xy = (x - \bar{x})(y - \bar{y}) = \sum xy - \bar{x} \sum y = 495\ 046$$

$$b = \sum' xy / \sum' x^2 = 0,808$$

$$a = \bar{y} - b \bar{x} = 164,6$$

$$\hat{y} = 164,6 + 0,808x$$

$$r = \frac{\sum' x y}{(\sum' x^2 \sum' y^2)^{1/2}} = 0,7531; r^2 = 0,5523$$

r er stuðull (correlations coefficient), sem samanborinn við samskonar reiknað r fyrir jafnmarga punkta setta eftir slumpaðferð, gefur það hvort raunverulega sé um samband að ræða milli umræddra stærða.

r fyrir 20 punkta setta eftir slumpaðferð fer ekki upp fyrir 0,679 í 99,9% tilfellum. Er því hægt að segja með 99,9% nákvæmni að samband er á milli aurburðar og rennslis við Búðafoss.

$$S^2 (\hat{y}) = \frac{(1 - r^2) \sum' y^2}{N - 2} = 18020$$

$$S^2 (b) = \frac{S^2 (\hat{y})}{x^2} = 0.02942 \quad S (b) = 0.172$$

$$S^2 (\bar{y}) = \frac{S^2 (\hat{y})}{N} = 901 \quad S (\bar{y}) = 30$$

S er mælikvarði á "standard" frávik
 $t_{0,05, N - 2} = 2.101$

t. $S (b) = \pm 0,361$ sem þýðir, að 95% líkur eru á að hallatala línu aurburðar og rennslis liggi innan markanna $< 1,169$ og $> 0,447$.

t. $S (\bar{y}) = \pm 63$ sem þýðir, að 95% líkur eru á, að meðaltal aurburðar liggi innan markanna $< 256,2$ og $> 130,2$.

Á þá að vera 95% líkur á að samband aurburðar og rennslis liggi milli þeirra marka, sem á mynd 1 eru takmörkuð af tveim hyperbólum, með línurnar

$\hat{y} = -4,3 + 0,447 x$ og $\hat{y} = -323,3 + 1.169 x$ sem asymptótur og ganga í gegnum punktana $y = 256,2$ og $= 130,2$; og $x = \bar{x} = 441,8$.

Mynd 2. sýnir langæislínu aurburðar við Búðafoss. Minnsti aurburður, 0,85 GL/ári, fékkst með því að miða við neðri mörk á mynd 1, en mesti aurburður, 2,07GL/ári, með því að miða við efri mörk.

Ef þessi sýnishorn væri raunverulega á að treysta, væri unnt að segja, að sá aurburður, sem er upphrærður við Búðafoss, liggi innan þeirra marka, sem sýnd eru á 2 mynd.

Til þess þurfa sýnishornin að vera tekin við sem flestar aðstæður og fjöldi þeirra í sem næst réttu hlutfalli við varanleika hverrar aðstæðu fyrir sig. Hinar mismunandi aðstæður eru þrennskonar, sem ætti að vera unnt að taka tillit til, þ.e. mismunandi rennsli, árstíðir eða veðrátta og vaxandi eða minnkandi rennsli.

Líklega væri æskilegt, að rennslið, þegar sýnishornin eru tekin, skiptist á sem svipaðastan hátt og tíðni mismunandi rennslis samkvæmt langveislinu. Reiknaði ég það því út og er niðurstaðan sem stöplalínurit á 3. mynd. Til samanburðar birti ég hér töflu um tíðni mismunandi rennslis samkvæmt langveislinu og rennslis við sýnishornatökurnar.

rennsli kl/s	dagar	%	%
1040	4,5	1,2	0
1040- 970	1,2	0,4	0
970- 900	1,6	0,5	0
900- 830	2,8	0,8	0
830- 760	5,1	1,4	10
760- 695	6,5	1,7	10
695- 625	8,0	2,2	0
625- 555	14,4	3,9	5
555- 485	30,1	8,2	25
485- 415	37,6	10,3	5
415- 345	43,6	12,0	10
345- 275	57,7	15,8	15
275- 210	66,2	18,3	10
210- 140	62,8	17,1	10
140- 95	22,8	6,2	0
<hr/>			
Samtals	365,0	100,0	100,0

Þetta sýnir, að lítið samræmi er milli rennslis við sýnishornatökur og samkvæmt langveislinu og liggar meðaltal fyrir rennsli við sýnishornatökur 80 kl/s hærra en meðalrennsli Þjórsár við Búðafoss. Raunar má eyða þessum annmarka

að nokkrum með því að gefa punktum misjafna byngd, þannig að útreiknað samræmi fáist milli rennslis við sýnishornatökur og langæislínu.

Til þess að fá einhverja hugmynd um hvernig sýnishornin skiptast milli mismunandi veðurfarsskilyrða athugaði ég í hvaða mánuðum sýnishornin eru tekin og fékk þá eftirfarandi:

Jan.	0	apr.	3	júlí	3	okt.	0
febr.	3	maí	3	ág.	2	nóv.	1
marz	1	júní	1	sept.	2	des.	1

Sýnishornunum er sem sagt mjög ójafnt skipt yfir árið og er sérstaklega alvarlegur skorturinn á sýnishornatökum á haustin, þegar vænta má, að aubruður sé mjög mismunandi og oft mikill.

Enn er eitt, sem unnt er að taka tillit til og það er hvort rennsli sé vaxandi, minnkandi eða stöðugt.

Við Búðafoss eru flest sýnishornin tekin við stöðugt rennsli, eða 12; 5 við vaxandi og 2 við minnkandi.

Kvalitativt eru áhrif vaxandi og minnandi rennslis augljós en kvantitativt er það alveg óleyst vandamál eins og áhrif veðráttunnar.

Bessar hugleiðingar benda til þess að ekki sé mikið upp úr þessum reikningum um aurkurð við Búðafoss að leggja. Til þess að unnt sé að taka tillit til þessara priggja aðalþátta, sem áhrif hafa á aurburðinn þarf örugglega margfalt fleiri sýnishorn skipt sem jafnast niður á hinum ýmsu aðstæður.

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Orkudeild

Búðafoss : Samband aurburðar og rennsis B-277

Mynd 1.

15.2. '60 H.T./O.H.

Tnr. 215

Fnr. 4947

839

700 m³/s

600

500

400

300

200

100

Aurburður

100

400

300

200

100

500

600

700

Rennsli


800

900

kl/s

RAFORKUMÁLASTJÓRI
Orkudeild
Langæislinur aurburðar. Mynd 2.

15.2.'60 HT/OH
Tnr. 216
B-277
Fnr. 4948



RAFORKUMÁLASTJÓRI

Orkudeild.

Búðafoss: Tíðni rennslis innan eftirfarandi marka. Mynd 3.

15.2.'60 HT/OH

Tnr. 217

B-277

Fnr. 4949

